

Sögunefnd Keflavík 1949-1994

11. fundur haldinn í Byggðasafni Reykjanesbæjar Ramma 28. apríl 2021 kl 17:15

Mættir eru, Erla Guðmundsdóttir, Árni Jóhannsson, Stefán Jónsson, Ragnhildur Árnadóttir og Kristinn Jakobsson sem ritar fundargerð. Auk þess voru boðaðir Eiríkur Páll Jörundarson byggðasafnstjóri og Árni Daníel Júlíusson rithöfundur.

Hver er staða ritunar sögunnar miðað við fyrirlagða efnisgrind.

Árni Daníel rithöfundur mætti á fundinn og fór yfir það helsta hvernig ritun bókarinnar gengur. Hann telur enga ástæðu til að bæta við eða breyta þeirri efnisgrind sem lögð var til við upphaf söguritunarinnar. Skrifin ganga vel fyrir sig og miðar vel áfram. Helstu áherslur í ritun eru þáttur varnarliðsins. Þá er einnig nauðsynlegt að vinna meira í gagnaöflun og heimildaskráningum. Tiltölulega lítið er til af heimildum í útgerðarsögu Keflavíkur eftir 1970 því þyrfti að leggja meiri áherslu á heimildaleit t.d. með viðtölum við einstaklinga sem unnu við útgerð og fiskvinnslu á þessum tíma.

Söguvefurinn.

Eiríkur Páll mætti á fundinn og fór yfir það helsta í gerð söguvefsins. Hann mun að líkindum annast ritstjórn vefsins þegar tímabært er að setja inn efni á hann, sem verður með haustinu.

Önnur mál

Árni Daníel taldi tímabært að ákveða brot og layout bókarinnar. Nefndarmenn voru sammála um að hafa bókina í sömu stærð og áður útgefnar bækur um Sögu Keflavíkur. Prenta bæði í lit og svart hvítu þar sem margar myndir sem munu prýða bókina verða í lit. Einn dálkur án spássíu færi best með efnið. Eiríkur Páll tók að sér að vera í sambandi við bókaútgáfu til að fá hugmyndir að broti og fjölda blaðsíða.

Formaður lagði til að ráðinn yrði aðstoðarmaður til heimildaöflunar til að aðstoða höfund við undirbúning ritunar sögunnar. Mögulega væri hægt að ráða aðstoðarmann tímabundið á þeim úrræðum sem yfirvöld eru að bjóða upp á. Það var samþykkt.

Meira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18:45.